

FÉLAGSDÓMUR

Dómur mánudaginn 30. mars 2026.

Mál nr. 7/2025:

Alþýðusamband Íslands,
fyrir hönd Starfsgreinasambands Íslands,
vegna Verkalýðsfélagsins Hlífar
(Leifur V. Gunnarsson lögmaður)

gegn

Samtökum atvinnulífsins
vegna Rio Tinto á Íslandi ehf.
(Guðmundur Heiðar Guðmundsson lögmaður)

Lykilorð

Kjarasamningur. Sératkvæði.

Útdráttur

Ágreiningur aðila laut að því hvernig túlka bæri rétt starfsmanna í slökkviliði stefnda samkvæmt kjarasamningi til greiðslu þegar bregðast þarf við fleiri en einu útkalli vegna tilkynninga eða boðana innan fjögurra stunda tímabils. Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu að við túlkun á ákvæði kjarasamningsins verði að horfa til þess að starfsmenn í slökkviliði stefnda fái sérstaklega greitt fyrir að vera í slökkviliði og enn fremur fyrir að sinna æfingum í tengslum við það verkefni. Þegar útkalli sé sinnt fái þeir að auki greiddar fjórar yfirvinnustundir til viðbótar við laun vegna starfa sem þeir sinni þegar útkallið berist. Greiðslan nemi fjórum yfirvinnustundum óháð því hversu langan tíma útkall standi. Þá var litið til þess að samkomulag um sérstaka greiðslu fyrir útkallið væri frávik frá þeirri meginreglu að laun séu einungis greidd fyrir þær vinnustundir sem starfsmaður innir af hendi. Að öllu virtu var stefndi sýknaður af kröfu stefnanda.

Dómur Félagsdóms

Mál þetta var dómtekið 17. mars sl.

Málið dæma Ásgerður Ragnarsdóttir, Ásmundur Helgason, Björn L. Bergsson, Karl Ó. Karlsson og Einar Hugl Bjarnason.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, fyrir hönd Starfsgreinasambands Íslands, bæði til heimilis að Guðrúnartúni 1 í Reykjavík, vegna Verkalýðsfélagsins Hlífar, Reykjavíkurvegi 64 í Hafnarfirði.

Stefndi er Samtök atvinnulífsins, Borgartúni 35 í Reykjavík, vegna Rio Tinto á Íslandi ehf., Straumsvík í Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda

- 1 Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að stefnda, Rio Tinto á Íslandi ehf., beri að greiða starfsmönnum sem starfa eftir kjarasamningi félagsins og Verkalýðsfélagsins Hlífar o.fl., fjórar klukkustundir í yfirvinnu fyrir hvert útkall til slökkviliðsstarfa sem þeir eru kallaður í, óháð öðrum störfum þeirra í þágu stefnda.
- 2 Stefnandi krefst jafnframt málskostnaðar úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda

- 3 Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda. Til vara er þess krafist að málskostnaður verði felldur niður.

Málavextir

- 4 Stefndi rekur fyrirtæki í Straumsvík þar sem framleitt er ál. Vegna eðlis starfseminnar samdi fyrirtækið við hlutaðeigandi verkalýðsfélög, þar á meðal Verkalýðsfélagið Hlíf, um að ávallt væri til taks sérþjálfður hópur slökkviliðsmanna sem gæti brugðist við ef eldsvoða eða slys bæri að höndum.
- 5 Fjallað er um „Samkomulag um slökkvilið“ í fylgiskjali 9 með kjarasamningi stefnda og Verkalýðsfélagsins Hlífar o.fl. frá 1. júní 2021, en fram kemur í fylgiskjalinu að það hafi verið gert fyrst 22. febrúar 1979 og síðast breytt 18. mars 2020. Þar segir að slökkviliðið skiptist í fimm vakthópa sem séu skipaðir fimm til átta starfsmönnum. Í samkomulaginu er gerð grein fyrir árlegum æfingum sem taka eiga mið af helstu áhættum, bæði gagnvart öryggi starfsmanna og rekstri fyrirtækisins. Gert er ráð fyrir fastri árlegri greiðslu fyrir að vera í slökkviliðinu og greiðslu yfirvinnu fyrir æfingar sem skylt er að sækja. Þá segir að fyrir „útkall til slökkviliðsstarfa [séu] greiddar 4 klst. í yfirvinnu.“ Fram kemur að taki slökkvistörf verulegan tíma verði þess gætt að kalla út aukið starfslið til afleysinga við venjuleg störf brunavarða.
- 6 Mál þetta á rætur að rekja til þess að 15. mars 2024 voru meðlimir í slökkviliði kallaðir út í þrígang. Eldur hafði þó ekki komið upp heldur hafði skynjari sent brunaboð af öðrum ástæðum, en samkvæmt skýrslum vegna útkalla var talið líklegast að steypuryk hefði leitt til þessa. Fjórir starfsmenn stefnda sinntu verkefnum vegna þessa, en atvikin urðu klukkan 19.12, 19.45 og 21.22 og var fyllt úr skýrsla um brunaútkall vegna hvers þeirra. Starfsmennirnir fengu hver um sig greiddar fjórar yfirvinnustundir, en töldu sig eiga rétt á greiðslu sem samsvarar fjórum stundum fyrir hvert útkall sem hver þeirra sinnti. Stefndi hafnaði því og vísaði meðal annars til þess að einvörðungu bæri að greiða fyrir eitt útkall samkvæmt fyrirnefndu samkomulagi.
- 7 Af þessu tilefni sendi formaður stefnanda framkvæmdastjóra mannauðssviðs stefnda tölvupóst 8. apríl 2024 og spurði hvort einhver áhöld væru á því hvernig greitt skyldi fyrir umrædd útköll. Í svari 12. sama mánaðar kom fram að stefndi liti svo á að með útkalli væri almennt átt við óvænta röskun á vinnutíma starfsmanns þegar hann væri kallaður til vinnu eftir að vinnudegi væri lokið. Aftur á móti hefði verið samið um og greitt fyrir vinnu starfsmanna sem sinni brunaútköllum á vinnutíma þótt þeir væru þá þegar við önnur störf. Vinnureglan væri sú að um nýtt útkall væri að ræða þegar

starfsfólk væri farið af vinnusvæði og einhver tími liðinn frá fyrra útkalli, en svo háttaði ekki til í þessu tilviki þar sem starfsmenn hefðu verið við hefðbundin störf á svæðinu.

- 8 Með tölvupósti formanns stefnanda 24. apríl 2024 var vísað til þess að í mörg ár hefði verið venja að greiða fyrir útköll samkvæmt fjölda og óháð tímaramma, enda byði kjarasamningur ekki upp á aðra túlkun. Frekari samskipti fóru fram vegna þessa og var framkvæmdastjóri mannauðssviðs stefnda meðal annars upplýstur um dæmi frá júní 2020 þar sem starfsmenn í slökkviliði hefðu fengið greitt fyrir fleiri en eitt útkall innan fjögurra stunda tímaramma. Í svari kom fram að um mistök hefði verið að ræða þar sem vinnuskýrslur hefðu ekki farið eftir réttum boðleiðum og væri vinnuregla stefnda skýr.

Málsástæður og lagarök stefnanda

- 9 Stefndi byggir á því að túlka beri hið umdeilda ákvæði í fylgiskjali 9 með kjarasamningi á þann hátt að starfsmenn skuli fá greiddar fjórar klukkustundir í yfirvinnu fyrir hvert og eitt útkall til slökkvistarfa. Starfsmenn eigi þannig að fá greiddar fjórar yfirvinnustundir fyrir öll útköll til slökkvistarfa óháð því hvort þau skarist við önnur útköll innan fjögurra klukkustunda.
- 10 Skýra beri ákvæðið eftir orðanna hljóðan, en þar komi skýrt fram að fyrir hvert og eitt útkall skuli greiða fjórar klukkustundir í yfirvinnu. Greiðslu beri að inna af hendi óháð því hvort sömu starfsmenn séu kallaðir út innan fjögurra klukkustunda í annað útkall vegna slökkvistarfa. Ákvæðið feli ekki í sér frekari skilyrði, takmarkanir eða fyrirvara. Þá hafi skapast sú venja við túlkun kjarasamningsins að ávallt séu greiddar fjórar yfirvinnustundir vegna hvers útkalls. Tilgangur ákvæðisins sé að tryggja að starfsmenn fái ákveðna greiðslu stökkvi þeir fyrirvaralaust til mikilvægra og brýnna verkefna.
- 11 Stefndi telur stefnda hafa brotið gegn kjarasamningsákvæðinu með afstöðu sinni og eigi hún ekki stoð í ákvæðinu. Því er mótmælt að vinnuregla gildi hjá stefnda þess efnis að ekki séu greiddar fjórar yfirvinnustundir fyrir útkall sem komi ofan í annað útkall, en fyrir því beri stefndi sönnunarbyrði. Samið hafi verið um greiðslu fyrir sérstaka tegund útkalls og hafi dómaframkvæmd um útköll samkvæmt öðrum kjarasamningum ekki þýðingu við úrlausn málsins. Þá hafi vinnureglur stefnda ekki sama gildi og ákvæði gildandi kjarasamnings.

Málsástæður og lagarök stefnda

- 12 Stefndi telur kröfu stefnanda hvorki fá stoð í lögum né kjarasamningi. Byggt er á því að ekki sé um að ræða útkall þegar starfsmenn, sem sinni störfum á launuðum vöktum, séu kallaðir til annarra verkefna, líkt og gerst hafi 15. mars 2024. Þeir hafi ekki verið kvaddir til vinnu, heldur gengið frá hefðbundnum störfum og leyst úr verkefnum vegna brunatilkynninga, eins og verklagsreglur fyrirtækisins kveði á um.

- 13 Því er mótmælt að í kjarasamningi hafi verið samið um að það teljist útkall þegar starfsmaður á vakt þurfi að hætta hefðbundnum verkefnum til að sinna brunaboði innan fyrirtækisins. Samkvæmt meginreglu vinnuréttar séu laun einvörðungu greidd fyrir þær vinnustundir sem starfsmaður inni af hendi. Útkallsákvæði séu undantekning frá þeirri meginreglu og hafi þá verið samið um rétt til greiðslu ákveðinna stunda að lágmarki fyrir óvænta vinnu sem starfsmanni sé gert að sinna í frítíma sínum, óháð því hversu langan tíma útkallið taki. Þannig sé tilgangur útkallsákvæða að bæta starfsmönnum þá röskun og óhagræði sem fylgi því að vera kallaðir til vinnu utan reglulegs vinnutíma. Engu máli skipti hvort verkefnið sem starfsmaður leysi af hendi geti flokkast sem útkall ef viðkomandi yrði gert að sinna því utan reglubundins vinnutíma. Starfsfólk sé ráðið til að sinna verkefnum á vinnutíma sem geti verið breytileg og fái ekki viðbótargreiðslu fyrir ákveðin verkefni nema sérstaklega hafi verið samið um slíkt. Staðfest hafi verið í framkvæmd Félagsdóms að forsenda þess að útkallsákvæði geti átt við sé að starfsmaður hafi í frítíma sínum verið kallaður til starfa á vinnustað til að sinna ákveðnum verkefnum.
- 14 Stefndi mótmælir því að túlka beri hið umdeilda kjarasamningsákvæði með þeim hætti að greiða beri fjórar stundir í yfirvinnu fyrir hvert og eitt verkefni sem starfsmaður leysi innan þess tímabils. Atvik séu sambærileg þeim sem voru til skoðunar í dómi Félagsdóms 28. maí 2003 í máli nr. 5/2003. Þar hafi ekki verið fallist á að um nýtt útkall væri að ræða þegar haft væri samband við starfsmann, sem hefði verið kallaður til vinnu, og hann beðinn að vinna annað verk, hvort sem hann væri þá staddur á vinnustaðnum eða utan hans. Liggi þannig fyrir skýrt fordæmi um að það teljist ekki vera nýtt útkall þegar starfsmanni sé gert að sinna öðru verkefni á útkallstíma, enda sé það undir atvinnurekanda og aðstæðum komið hvort starfsmaður sé að störfum allan útkallstímann eða leysi einvörðungu eitt verkefni á skemmri tíma.
- 15 Stefndi tekur fram að það heyri til algerra undantekninga að starfsmenn þurfi að leysa fleiri en eitt verkefni í hverju brunaútkalli, það er innan fjögurra klukkustunda. Fyrir mistök hafi stefndi greitt tveimur starfsmönnum sem sinntu fimm brunatilkynningum á tímabilinu 00.40 til 6.32 hinn 19. júní 2020 eins og um fimm útköll hefði verið að ræða. Því fari fjarri að um venjubundna framkvæmd sé að ræða og liggi fyrir skýringar á þessum mistökum við greiðslu launa. Slík mistök geti ekki verið grundvöllur venju um túlkun á kjarasamningi.

Niðurstaða

- 16 Mál þetta, sem lýtur að ágreiningi um skilning á kjarasamningi, heyrir undir Félagsdóm samkvæmt 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.
- 17 Eins og rakið hefur verið er í fylgiskjali 9 við kjarasamning aðila fjallað um „Samkomulag um slökkvilið“. Þar er gert ráð fyrir að á vinnustað stefnda sé ávallt til taks sérþjálfður hópur slökkviliðsmanna sem geti brugðist við beri eldsvoða eða slys að höndum.

- 18 Þeir starfsmenn sem skipa slökkviliðið og eru kallaðir til eru í mismunandi vakthópum sem sinna hverju sinni hefðbundnum störfum á vinnusvæði stefnda. Samkvæmt samkomulaginu eru að jafnaði fimm til átta sérþjálfaðir starfsmenn sem tilheyra slökkviliðinu við venjuleg störf. Verður þannig ekki röskun á frítíma þeirra starfsmanna sem þurfa að sinna útkalli samkvæmt hinu umdeilda ákvæði, heldur geta þeir þurft að láta af hefðbundnum störfum til að tryggja viðunandi viðbragð við þeim hættum sem steðja að. Fram kemur í samkomulaginu að tilgangur þess að tilteknir starfsmenn myndi sérþjálfaðan hóp, sem geti brugðist við eldsvoða eða slysi, sé að tryggja öryggi starfsmanna og fyrirtækisins. Gert er ráð fyrir skyldubundnum æfingum í björgunar- og slökkviaðgerðum, læknisskoðun, þar sem meðal annars verði litið til getu til reykköfunar, og árlegu þrek- og styrktarprófi.
- 19 Samið hefur verið um að starfsmenn sem skipa slökkvilið stefnda fái fasta greiðslu á hverju ári og er einnig greitt fyrir æfingar sem þeim er skylt að sækja. Þá er gert ráð fyrir sérstakri greiðslu fyrir „útkall til slökkviliðsstarfa“ sem nemi „4 klst. í yfirvinnu.“ Samkvæmt þessu hafa aðilar samið um ákveðna greiðslu vegna „útkalls“ starfsmanna í vaktavinnu til slökkvistarfa sem skal greiða með fjórum yfirvinnutímum og kemur til viðbótar launum vegna yfirstandandi vaktar. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á málatilbúnað stefnda sem virðist reistur á því að í reynd sé ekki um að ræða „útkall“ í hefðbundnum skilningi þar sem starfsmenn séu ekki kallaðir til vinnu utan reglulegs vinnutíma.
- 20 Aðila greinir á um hvernig túlka beri rétt starfsmanna til greiðslu þegar bregðast þarf við fleiri en einu útkalli vegna tilkynninga eða boðana innan fjögurra stunda tímabils. Leggja verður til grundvallar að slík tilvik séu afar fátíð. Fram kom í skýrslu framkvæmdastjóra mannauðssviðs stefnda fyrir Félagsdómi að hún hefði eingöngu vitneskju um tvö tilvik frá síðustu árum, auk tilviks eftir að mál þetta var höfðað. Áður hefur verið vikið að því að í júní 2020 fengu starfsmenn greitt fyrir fleiri en eitt útkall innan fjögurra stunda, en stefndi hefur útskýrt að um mistök hafi verið að ræða þar sem láðst hafi að leita til framkvæmdastjóra mannauðssviðs. Stefndi hafnaði á hinn bóginn að greiða fyrir fleiri en eitt útkall vegna brunatilkynninga í mars 2024, sem leiddi til málsóknar þessarar. Afstaða stefnda mun hafa verið sú sama vegna sambærilegs tilviks sem kom upp nýverið. Að þessu virtu verður ekki talið að myndast hafi venjubundin framkvæmd við túlkun hins umdeilda ákvæðis sem unnt sé að líta til við úrlausn málsins.
- 21 Að mati Félagsdóms tekur orðalag ákvæðisins ekki af skarið um hvort greiða skuli fjórar yfirvinnustundir fyrir hvert og eitt útkall til slökkvistarfa, óháð því hvort útköll komi til innan fjögurra klukkustunda tímarammans. Þegar um er að ræða útkall í skilningi kjarasamningsins þurfa starfsmenn, sem fyrr greinir, að láta af hefðbundnum störfum og bregðast við eftir aðstæðum. Þeir geta að svo búnu horfið aftur til fyrri starfa, eftir því sem við á. Upplýsingar um tilvik þar sem fleiri en eitt útkall hafa verið á fjögurra klukkustunda tímabili virðast hafa átt rót að rekja til þess að brunaboð hafa

borist án þess að eldur hafi kviknað, en þannig var ástatt samkvæmt skýrslum vegna brunaútkalla 15. mars 2024 sem áður hefur verið vísað til.

- 22 Fyrir liggur að starfsmenn í slökkviliði stefnda fá sérstaklega greitt fyrir að vera í slökkviliði og enn fremur fyrir að sinna æfingum í tengslum við það verkefni. Þegar útkalli er sinnt fá þeir að auki greiddar fjórar yfirvinnustundir til viðbótar við laun vegna starfa sem þeir sinna þegar útkallið berst. Greiðsla vegna útkallsins nemur fjórum yfirvinnustundum óháð því hversu langan tíma útkallið stendur.
- 23 Við túlkun á ákvæðinu verður að horfa til framangreinds og þess að samkomulag um sérstaka greiðslu fyrir útkallið er frávík frá þeirri meginreglu að laun séu einungis greidd fyrir þær vinnustundir sem starfsmaður innir af hendi, sbr. að nokkru til hliðsjónar dóm Félagsdóms í máli nr. 3/2003. Samkvæmt því og að öllu framangreindu virtu verður ekki fallist á að skýra beri ákvæðið á þann veg að greiða beri fjórar yfirvinnustundir fyrir hvert og eitt útkall innan þess fjögurra stunda tímabils. Verður stefndi því sýknaður af kröfu stefnanda.
- 24 Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndi, Samtök atvinnulífsins vegna Rio Tinto á Íslandi ehf., er sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands, fyrir hönd Starfsgreinasambands Íslands, vegna Verkalýðsfélagsins Hlífar.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Karls Ó. Karlssonar

1. Ég tek undir forsendur meirihluta í efnisgreinum 16. til og með 20, en er ósammála forsendum meirihluta dómsins að öðru leyti og niðurstöðu, um annað en málskostnaðarákvörðun.
2. Stefndi hefur til stuðnings málaltilbúnaði sínum vísað til nokkurra dóma Félagsdóms þar sem fjallað hafi verið um ágreining vegna útkalla. Ég tel að dómur þessir hafi ekki fordæmisgildi við úrlausn þessa máls, þar sem eðlismunur sé á þeim útköllum sem þar voru til umfjöllunar samanborið við þau útköll slökkviliðs stefnda, sem hér eru til úrlausnar.
3. Engum dylst að starfsmenn í álveri vinna við hættulegar aðstæður. Aðilar kjarasamningsins hafa af þeim sökum samið svo um „að það sé til öryggis starfsmönnum og fyrirtækinu, að á vinnustað sé jafnan til taks sérþjálfður hópur slökkviliðsmanna, sem [geti] brugðist rétt við ef eldsvoða eða slys ber að höndum“,

svo sem greinir í inngangsorðum samkomulags um slökkvilið í fylgiskjali 9 með kjarasamningi aðila.

4. Samkvæmt samkomulaginu skuldbinda liðsmenn slökkviliðs stefnda, sem að öðru leyti sinna daglegum störfum á reglubundnum vöktum s.s. í kerskála eða steypuskála, til þess að mæta til þjálfunar og æfinga í björgunar- og slökkviaðgerðum í samræmi við æfingaáætlun stefnda. Liðsmenn gangast undir sérstaka læknisskoðun og þurfa að standast sérstakt þrek- og styrktarpróf. Liðsmenn slökkviliðs stefnda fá greidda fasta greiðslu árlega og þeir sem öðlast hafa formleg reykköfunarréttindi fá greitt sérstakt viðbótarág.
5. Svo sem fram kom í framburði formanns stefnanda, sem jafnframt er fyrrum starfsmaður hjá stefnda, sem og framkvæmdastjóra mannauðssviðs stefnda, þá er það í verkahring hliðvarðar að kalla út slökkvilið hverju sinni og eru þá kallaðir út þeir liðsmenn slökkviliðsins sem staddir eru á starfsstöð stefnda við sín venjubundnu störf. Ber þeim starfsmönnum þá þegar að leggja niður störf og hverfa til slökkvistarfa. Að útkalli loknu ber þeim að snúa til sinna vaktstarfa á ný.
6. Í nefndu samkomulagi aðila segir orðrétt: „Fyrir útkall til slökkviliðsstarfa eru greiddar 4 klst. í yfirvinnu. Þess verður gætt að kallað verði út aukið starfslið til afleysinga við venjuleg störf brunavarða ef slökkvistörf taka verulegan tíma.“
7. Það er meginregla í vinnurétti að túlka beri ákvæði kjarasamninga eftir orðanna hljóðan. Með hliðsjón af því og að því virtu að starfsmennirnir sem hér um ræðir eru kallaðir út til sérþjálfaðra starfa, sem standa utan hefðbundinna starfsskyldna þeirra hjá stefnda, þá tel ég að fallast beri á viðurkenningarkröfu stefnanda eins og hún er sett fram í kröfugerð hans, enda liggur fyrir að hverju útkalli til slökkvistarfa var lokið þegar næsta útkall bar að.